

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 2. desember 2019

Efni: Umsögn um frumvörp til laga vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd (mál nr. 249/2019), 330. og 331. mál

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið til umsagnar frumvörp til laga vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd. Um er að ræða tvö frumvörp. Annars vegar frumvarp þar sem reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/2394 frá 12. desember 2017 um samvinnu milli landsyfirvalda sem ber ábyrgð á að framfylgja lögum um neytendavernd og um niðurfellingur reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 er innleidd með tilvísunaraðferð (331. mál). Hins vegar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd o.fl. (330. mál) sem tiltekur lagabreytingar sem koma til vegna ákvæða 9. og 10. gr. reglugerðarinnar. Hér verður einkum horft til síðarnefnda frumvarpsins.

SA fagna því að í 7. gr. frumvarpsins sé lagt til að Neytendastofa skuli leitast við að hafa áhrif á háttsemi fyrirtækja með útgáfu leiðbeinandi reglna um góða viðskiptahætti. Að mati SA ætti þó að vera skylda á Neytendastofu að setja slíkar reglur líkt og 5. gr. frumvarpsins í upprunalegri mynd kvað á um. Það yrði vafalaust til þess að fækka kvörtunum sem berast Neytendastofu og er til þess fallið að koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti. SA telja einnig jákvætt að lögfest séu ákvæði sem festa í sessi sáttaumleitanir en það leiðir til skilvirkara og hagkvæmara eftirlits.

Við innleiðingu ESB-reglugerða sem falla innan sviðs EES-samningsins í íslenskan rétt gefst ekki svigrúm til aðlögunar. Gerðirnar eru innleiddar með tilvísunaraðferð þannig að þeim er veitt lagagildi í heild sinni. Þar sem reglugerðin kveður á um að lögbærum yfirvöldum aðildarríkja séu veittar auknar eftirlitsheimildir er jafnframt nauðsynlegt að breyta lögum sem gilda um þau stjórnvöld sem fara með málaflokkana.

Í 9. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um þær lágmarksheimildir sem lögbær yfirvöld aðildarríkja skulu hafa til rannsókna og framfylgdar. Í 10. gr. er fjallað um beitingu heimildanna. SA leggja áherslu á að við innleiðingu EES-gerða sé ekki gengið lengra við setningu íþyngjandi reglna en nauðsynlegt er og ekki farið umfram lágmarkskröfur gerðanna. Ef ívilnandi undanþágur eru til staðar skulu þær nýttar. Í 5., 10., 13., 14., 17., 18. gr. og 24. gr. frumvarpsins er að finna nýjar heimildir fyrir nánar tilgreind stjórnvöld til þess að gera svokölluð profukaup. Stjórnvöldunum er þá veitt sérstök heimild til þess að koma fram undir fölsku nafni og auðkenni í því skyni að koma upp um brot. Í 13. lið aðfararorða reglugerðarinnar segir að lögbær yfirvöld ættu að hafa heimild til profukaupa á vörum eða þjónustu, undir fölsku nafni ef nauðsyn krefur. Heimildina má finna í d-lið 3. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar. Í báðum tilvikum segir að heimildin eigi við ef „nauðsyn krefur.“ Það er mikilvægt að slíkum varnagla sé bætt

við framangreind ákvæði frumvarpsins enda þarf að vera skýrt að þessari leið sé eingöngu beitt þegar ekki er kostur á vægari úrræði. Eins og ákvæðin eru orðuð í frumvarpinu er heimild til prufukaupa undir fölsku nafni og auðkenni of almenn og óljóst að slík heimild sé einungis til staðar þegar engar aðrar aðgerðir eru tækar. **SA leggja því til að orðunum „ef nauðsyn krefur“ sé bætt við öll ákvæði þar sem stjórnvöldum er veitt þessi heimild.**

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir